

2. Ársþing Karatesambands Íslands

24. nóvember 1985

Haldið í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal.

Dagskrá þingsins:

1. Þingsetning.
2. Kosning fastra starfsmanna þingsins.
3. Kosnar fastrar nefndir:
 - Kjörbréfanefnd.
 - Fjárhagsnefnd.
 - Laga- og leikreglnanefnd.
 - Allsherjarnefnd.
 - Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

- Þ I N G H L É -

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Ákveðið gjald ævifélag.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda og fulltrúa á Íþróttþing.
13. Kjosenir 3 menn í karatedómstól og 3 til vara.
14. Þinggerð lesin og staðfest.
15. Þingslit

1. Þingsetning.

Þingið setti Hannes Hilmarsson, formaður KAÍ og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

2. Kosning fastra starfsmanna þingsins.

- a) Kosinn þingforseti, Hannes Hilmarsson.
- b) Kosinn þingritari: Stefán Alfreðsson.

3. Kosning í þingnefndir.

- a) Kjörbréfanefnd: Karl Gauti Hjaltason, Gísli Pálsson og Árni Einarsson.
- b) Fjárhagsnefnd: Davíð Harlds, Gestur Skarphéðinsson og Þorsteinn Einarsson.
- c) Laga- og leikreglnanefnd: Atli Erlendsson, Ævar Þorsteinsson og Sigbór Markússon.
- d) Allsherjarnefnd: Stefán Alfreðsson, Þröstur Einarsson og Hannes Hilmarsson.
- e) Kjörnefnd: Kjell Tveit, Jónína Olesen og Ólafur Egilsson.

4. Skýrsla stjórnar.

Hannes Hilmarsson flutti skýrslu stjórnar með aðstoð Karls Gauta Hjaltasonar. Starf KAÍ einkenndist mikið af undirbúningi fyrir Norðurlandamótið í Reykjavík. Auk þess var haldið fyrsta Íslandsmeistaramótið í karate í apríl.

Sveinn Björnsson tók til máls og lýsti yfir ánægju sinni með stofnun KAÍ. Hann lýsti og yfir ánægju sinni með skýrsluna og reikningana. Þá bauð hann þingheim velkominn í nýtt húsnæði ÍSÍ. Að lokum minntist hann á Geraunir og Lotta.

Karl Gauti Hjaltason tók til máls og kvað það rangt sem stæði í skýrslunni um að stjórna KAÍ hefði að greiða ferðir til Svíþjóðar vegna landskeppni, að fullu.

Árni Einarsson benti á að ekki væri talað um loforð, heldur hafi landsliðsmenn staðið í þeirri trú að KAÍ myndi borga fyrir þá.

Hjalti Kristjánsson benti á að það vantaði að minnsta kosti eina blaðsíðu í skýrsluna um Íslandsmeistaramótið.

Fleiri tóku ekki til máls um skýrsluna og var hún þá samþykkt.

5. Reikningar sambandsins.

Davíð Haralds gjaldkeri KAÍ lagði fram reikninga og leysti greiðlega úr þeim athugasemdum er fram komu.

Gestur Skarphéðinsson gagnrýndi það að engir efnahagsreikningar voru.

Reikningar voru þá samþykktir einróma.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Formaður KAÍ, Hannes Hilmarsson, lagði fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Tekjur:	
Tekjuafgangur síðast árs	56.000 kr
Styrkur ÍSÍ	250.000 kr
Annað	<u>50.000 kr</u>
	356.000 kr
Gjöld:	
Landslið	230.000 kr
Dómaranámskeið	40.000 kr
Skrifstofa	30.000 kr
Fræðslumál	36.000 kr
Mót	<u>20.000 kr</u>
	356.000 kr

Karl Gauti Hjaltason tók til máls og benti á að þessar tölur væru helmingi lægri en tölur síðasta árs. Þetta væru aðeins vinnutölur og ættu örugglega eftir að breytast.

7. Lagabreytingar:

Fyrir lá ein lagabreyting. Framsögumaður var Karl Gauti Hjaltason. Hún fjallaði um að í dagskrá aðalþings KAÍ skv. gr. 8. bættist inni liður no. 14 og færðurst aðrir liðir aftur sem því næmi. Hljóða hann á þessa leið: “Kjör karateljósmyndar ársins, að tillögu stjórnar.” Breytingartillagan var samþykkt einróma.

8. Aðrar tillögur og önnur mál.

Karl Gauti Hjaltason mælti fram tillögu þess efnis að ársþing KAÍ álíkti að skilja beri lög KAÍ þannig að fulltrúafjöldi á ársþingi KAÍ sé miðaður við fjölda í hverju félagi en ekki fjölda í hverju héraðssambandi.

Sigurður Magnússon, framkvæmdastjóri ÍSÍ benti á fordæmi fyrir þessari túlkun. Hann lagði til að bætt væri í 5. gr þannig að hún hljóði: "... Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate, innan aðildarfélaga þannig að fyrir,,"

Var hún síðan borin upp og samþykkt einróma.

Því næst var gert þinghlé og störfuðu nefndir á meðan.

9. Nefndarálit og tillögur.

Fjárhagnefnd:

1. Ánægð með meðferð fjármála hingað til.
2. Standa þurfi vel að hvað KAÍ skírteini varðar, þar sem þau komi til með að vera nokkuð stór tekjulind.
3. Kannaðir verði möguleikar til tekjuaukningar hjá héraðssamböndum og með auglýsingum.

Laga- og leikreglanefnd:

1. Kvaðs lítið geta aðhafst þar sem ekkert var fyrir höndum.
2. Lagði til að KAÍ útvegaði nýjustu reglur erlendis frá og léti þýða þær.

Allsherjarnefnd:

1. Ályktun um að ráðinn yrði landsliðsþjálfari sem fyrst.
2. Ályktun um að fræðslustarf á vegum KAÍ verð eft, t.d. í dómara- og félagsmálum.
3. Ályktun um að skrifstofa KAÍ hafi fastan opnunartíma a.m.k. einu sinni í viku, 1-2 tíma í senn.
4. Ályktun um að KAÍ vinni að því að kaupa videoupptökutæki og komi sér upp videospóluafni til útlána fyrir félagi í karatefélögunum.
5. Ályktun um að öll karatefélög og deildir skili inn iðkendaskírslum á réttum tíma fyrir þetta ár 1985.

Kjörnefnd:

Tekið með dagskrárlið 12 og 13.

10. Ákveðið gjald ævifélaga.

Frestað til næsta þings.

11. Önnur mál.

Íþróttamaður ársins í karate.

Karl Gauti Hjaltason tók til máls og lagði til að Íþróttamaður ársins í karate væri valinn á þinginu.

Hannes Hilmarsson lagði til að félögin sendu inn tillögur, sem stjórn KAÍ greiðir atkvæði um.

Fyrri tillagan samþykkt og Íþróttamaður ársins 1985 í karate kosinn Árni Einarsson, Karatefélagi Reykjavíkur.

Þorsteinn Einarsson tók til máls og gagnrýndi stuttan undirbúning fyrir þingið.

12. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda og fulltrúa á Íþróttþing.

Kjörnefnd stillti upp til stjórnar:

Formaður: Karl Gauti Hjaltason
Hannes Hilmarsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Í stjórn:

Ævar Þorsteinsson
Stefán Alfreðsson
Davíð Haralds
Gestur Skarphéðinsson

Engin mótframboð bárust.

Til vara voru fjórir í framboði:

Gísli Pálsson
Árni Einarsson
Ágúst Österby
Kristín Einarsdóttir

Kjörin voru þau Gísli Pálsson, Árni Einarsson og Kristín Einarsdóttir með yfirgnæfandi meirihluta.

Endurskoðendur:

Hjalti Kristjánsson
Gestur Skarphéðinsson

Fulltrúar á Íþróttáþing:

Vísað til stjórnar.

13. Kjósir 3 menn í karatedómstól og 3 til vara.

Atli Erlendsson
Hannes Hilmarsson og
Karl Gauti Hjaltason

14. Kosning karatemyndar ársins.

Fyrir lá tillaga frá stjórn KAÍ um mynd eftir Friðþjóf Helgason ljósmyndara hjá Morgunblaðinu, er tekin var á NM'85.

Hlaut hún einróma samþykki.

15. Þinggerð lesin og staðfest.

Karl Gauti Hjaltason, nýkjörinn formaður KAÍ, þakkaði Hannesi Hilmarssyni fráfarandi formanni vel unnin störf og þingheimi fyrir stuðninginn.

16. Þingslit

Þingi slitið kl. 17.45.

Þingritari,

Stefán Alfreðsson.

Samþykki þingforseta:

Hannes Hilmarsson